

---

# Íslandslax

Núpum  
Ölfusi

**Ice** *fresh*<sup>®</sup>  
S A L M O N

## Grænt bókhald


Ársskýrsla  
2005

---

## Yfirlýsing stjórnar.

Stjórn Íslandslax lýsir því hér með yfir að þær upplýsingar og tölur sem birtar eru í þessari skýrslu séu réttar og unnar eftir bestu vitund starfsmanna upp úr bókhaldsgögnum félagsis.

Akureyri, 15 júní 2006




F.h. stjórnar Íslandslax hf. samkvæmt umboði  
Jón Kjartan Jónsson  
Framkvæmdastjóri

## Grænt bókhald fyrir árið 2005.

### 1. Starfsemi og staðsetning.

Íslandslax að Núpum í Ölfusi er seiðaeldisstöð. Stöðin stendur um 2 km suður af Hveragerði.



Mynd 1. Staðsetning Íslandslax, að Núpum í Ölfusi

### 2. Fjöldi starfsmanna og framleiðslumagn

Framleiðsla árið 2005 voru 115 tonn af seiðum. Fjöldi starfsmanna er 5

### 3. Starfsleyfi

Starfsleyfi stöðvarinnar er gefið út af Hollustuvernd ríkisins þann 19. apríl, 2000 og gildir til 20. apríl 2010. Endurskoðun starfsleyfis fer fram samkvæmt IX. Kafla reglugerðar 785/1999. Starfsleyfið var endurskoðað að beiðni rekstraraðila þar sem breyta átti rekstrinum úr bleikjueldi í laxaseiðaeldi. Eftir umfjöllun Skipulagsstofnunnar og Hollustuverndar Ríkisins (Umhverfisstofnun) var það niðurstaða Hollustuverndar (2. júlí 2002) að ekki þyrfti að gefa út nýtt starfsleyfi fyrir rekstrarbreytingunni. Eina breytingin á rekstrarleyfinu er að gr. 1.1 í 1. kafla stendur; “100 tonn af laxaseiðum til áframeldis” í stað “100 tonna af bleikju til manneldis”. Á árinu 2006 hófst umsóknarferli um stækkun á starfsleyfi sem er enn í vinnslu hjá Skipulagsstofnun. Vonast er að gefið verði út nýtt starfsleyfi á árinu.

#### 4. Umhverfismarkmið

Umhverfismarkmiðið er að valda umhverfi stöðvarinnar sem allra minnstum umhverfispjöllum og mengun. Fjárfest hefur verið töluvert í hreinsunarbúnaði fyrir frárennslisvatn stöðvarinnar og er því nú skilað mun hreinna út í umhverfið en áður. Öllum þeim óhreinindum sem safnast saman í hreinsunarsíunni er safnað í söfnunartank og hann tæmdur tvisvar til þrisvar sinnum á ári eftir þörfum. Auk þess er síubúnaðurinn þess eðlis að hann kemur í veg fyrir að seiði geti sloppið út úr stöðinni.

Umhverfisstofnun framkvæmdi mengunarmælingar á frárennslisvatni stöðvarinnar á fyrrihluta árs 2004<sup>1</sup>.

Á vormánuðum 2006 framkvæmdi Guðjón Atli Auðunsson efnafræðingur ýtarlegar mælingar á frárennslisvatni stöðvarinnar. Einnig voru áhrif losunnar metin í viðtaka, á svæði Þorleifslækjar og Varmár. Skýrsla Guðjóns Atla var send til Umhverfisstofnunnar í maí 2006.

#### 5. Helstu auðlinda og umhverfispættir

Stöðin var byggð á sínum tíma á þessum stað vegna þess það var hægt að ná miklu af fersku hreinu “lindarvatni” og jafnframt jarðvarma með borunum því grunvöllur fyrir arbæru seiðaeldi er hreint vatn og nægur jarðvarmi.

#### 6. Framleiðslumagn (stk.)

Á árinu 2005 voru framleidd og seld úr stöðinni 1.325.000 seiði.

#### 7. Fóðurnotkun

Öll megin fóðrun fer fram með sjálvirkum fóðrurum, en þó er líka handfóðrað þar sem auga fiskeldismannsins vakir yfir framleiðslunni á degi hverjum. Notuðu voru um 126,4 tonn af fóðri til framleiðslunnar.

#### 8. Fóðurgerð

Allt fóður kemur frá fóðurverksmiðjunni Laxá. Næringarefnainnihald Laxárfóðurs er í grófum dráttum á þessa leið.

Tafla 1. Næringarefnainnihald Laxár fóðurs.

Prótein	34 – 55 %
Fita	37 – 57 %
Kolvetni	5 - 17%

Tafla 2. Listi yfir notaðar fóðurtegundir.

Notaðar fóðurtegundir			
Mini 1,6	Seiðafóður 1,8 St.	Smáseiðafóður Nutra 0,5	Micro 1c
Mini 2	Seiðafóður 1,8	Smáseiðafóður Nutra 0,75	Micro 2c
	Seiðafóður 2,5	DAN-EX 1352 GR 1,0	DAN-EX 1362 GR 1,8

<sup>1</sup> Mælingar framkvæmdar af Agli Þ. Einarssyni, 2004.

Hráefni notuðu í Seiðafóðri er eftirfarandi:

Hágæða loðnu-/síldarmjöl (LT og NSM), loðnulýsi, maís, sojamjöl, hveiti, vítamín, steinefni, bataan og litarefni. Litarefnin eru Astaxanthin og Cantaxanthin.

### 9. Meðferð dauðfisks.

Dauður fiskur er háfaður upp úr kerjum og honum komið fyrir í dauðfiskakeri með maurasýru. Dauðfiskakerið er tæmt tvisvar á ári með dælubil og fiskinum fargað á viðurkenndum urðunarstað. (Kirkjuferjuháleiga).

### 10. Vatnsnotkun, Meðalvatnsnotkun.

Vatnsmagn sem stöðin hefur til afnota nú er;

Tafla 3. Vatnsmagn.

20 ltr/sek	90 °C
240 ltr/sek	6 °C

Í stöðinni er um að ræða gegnumrennsliskerfi þ.e. það er engin endurnýting á vatni og það rennur bara einu sinni í gegnum stöðina. Meðalvatnsnotkun er 180 – 220 ltr/sek. eða um 6,3 milljónir rúmmetra á ári.

### 11. Olíunotkun og frágangur tanka

Olíunotkun er eingöngu bundin við vararafstöð vinnuvélar og vinnubíla. Sáralítið magn er notað árlega vegna vararafstöðvarinnar, en birgðatankur fyrir rafstöðina er um 2000 ltr. Notkun á olíu á vinnuvélar og vinnubíla á árinu 2005 var um 3962,6 lítrar fyrir árið 2005.

### 12. Rafmagnsnotkun

Rafmagnsnotkun var um 591.420 kWh á árinu 2005.<sup>2</sup>

### 13. Hreinsiefni

Eldissápa, TK-1000, til að hreinsa gólf og eldisker (Tandur). Magn óverulegt.

<sup>2</sup> Tryggvi Aðalsteinsson, RARIK 2006.

#### 14. Sóttthreinsiefni (Magn, gerð)

**Virkon** (VISTOR, dreifngaraðili; Ásgeir Sigurðsson), notað til að sóttthreinsa áhöld, ker og eldissali auk skóbúnaðar þeirra sem um stöðina fara. Notuð voru 40 kg af Virkon árið 2005.

#### 2. Samsetning / upplýsingar um inniheld.

**Samsetning**

Blanda af ólífrænum peroxýgen efnasamböndum, ólífrænum söltum, lífrænum sýrum, anjónískum þvottaefnum, ilmefni og litarefni.


<u>Heiti</u>	<u>Styrkur í %</u>	<u>Flokkun</u>	<u>CAS</u>	<u>Útsetning</u> <sup>□</sup>
Kalíum- peroxó- einsúlfat	50	C H 34	70693-62-8	5 mg/m <sup>3</sup> 8 klst. TWA <sup>□</sup> (innandalegt duft - náðleggingar framleiðanda.
Súlfamín- sýra	5	Xi H 36/38	5329-14-6	
Natríum- alkýl- bensen- súlfónat	15	Xn H 22 Xi H 36/38	25155-30-0	

3

#### 15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun vörunnar.

**Löggjöf**

Varan er merkt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eitrefna og hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni.



**H-setningar**

H 38 Ertir húð.  
H 41 Hætta á alvarlegum augnskaða

**V-setningar**

V 2 Geymist þar sem börn ná ekki til.  
V 22 Varist innöndun ryks.  
V 24/25 Varist snertingu við húð og augu.  
V 26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

## Maurasýra

Á árinu 2005 voru notaðir 140 lítrar af maurasýru <sup>4</sup>.

### 2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnahætti:	Sýrkur %:	Hæmflokkun:
64-18-6	200-579-1	Maurasýra	30 - 100	C H35
7732-18-5	231-791-2	Vatn. eimað	5 - 15	-

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hæmiseminga - sjá lið 16.

### 15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vöruregundarinnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:



Varnaðarmerki: C

Inniheldur: Maurasýru, 85%.

EB-nr.: 200-579-1

H - semingar: H34 Ætandi.

I - semingar: V23 Varist innöndun gufu úða.

V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis.

V45 Leitð umsvifalaust læknis ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart. sénið umbúðamerkingarnar ef unnt er.

5

**Formalín** eða Formaldehyd 37%. Á árinu 2005 voru notaðir 880 lítrar af formalíni<sup>6</sup>.

### 2. Samsetning / upplýsingar um innihald.

CAS-nr.:	EB-nr.:	Efnahætti:	Sýrkur %:	Hæmflokkun:
50-00-0	200-001-8	Formaldehyd	30 - 100	T H23/24/25-34/40-43
67-56-1	200-659-6	Metanól	5 - 15	T, F H11-23/24/25-39/23/24/25

Varnaðarmerking - sjá lið 15.

Texti hæmiseminga - sjá lið 16.


<sup>4</sup> OLÍS

<sup>5</sup> Tekið úr öryggisupplýsingum frá birgja, OLÍS.

<sup>6</sup> OLÍS

15. Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.

Varnaðarmerkingar skv. reglugerð 236 1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB:

		
Varnaðarmerki:	T	
Inniheldur:	Formaldehýð 37% Metanól	EB-nr.: 200-001-8 200-659-6
H - semlingar:	H23 24 25 Eitrað við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku H34 .Etandi H40 Getur hugsanlega valdið krabbamein. H43 Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð. H68 20 21 22 Hæmulegt, getur valdið varanlegu heilsuþjóni við innöndun, í snertingu við húð og við inntöku.	
V - semlingar:	V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita lækni. V36 37 39 Notið viðeigandi hlífðarfatnað, hlífðarhanska og hlífðargleraugu andlitsgrímu V45 Leitið umsvifalaust lækni ef slys ber að höndum eða ef lasleika verður vart. sýnið umbudamerkingarnar ef unnt er V51 Ma aðeins nota á vel loftræstum stað. (V1 2) GEYMIST Á LÆSTUM STAÐ ÞAR SEM BÖRN NÁ EKKI TIL.	
	EB-merkimiði.	

Íslensk sérlæg, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur nr. 765 2001 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsuþjóni af völdum efnafræðilegra skaðvalda á vinnustöðum.

7

**Buffodine** sóttþreinsiefni (Virkon, dreifingaraðili Ásgeir Sigurðsson), notuð voru 5 kg á árinu.

**15. Lyf (Magn, gerð)<sup>8</sup>**

Við bólusetningu á bleikju er notað einþátta bóluefni **Alpha Ject 1200**, (PharmaNor). Hvert seiði er sprautað með 0,21 ml af bóluefninu í kviðarhol (gegn kýlaveikibróður)Laxaseiðin eru bólusett með fjölþátta bóluefninu **Alpa Ject 5-3**, hvert seiði er sprautað með 0,1 ml af bóluefni gegn (Kýlaveikisbróður, vetrarsárum, víbriuveikim (serovar 01 og 02) og Hitraveiki).

Heildar notkun á árinu 2005 voru 180.000 skammtar af Alpha Ject 1200

Heildar notkun á árinu 2005 voru 245.000 skammtar af Alpa Ject 5-3

Einnig er notað **Enteric Redmouth Vet** það bóluefni sem notað er þegar bólusett er gegn **Rauðmunaveiki**. Heidarnotkun 2005 á árinu voru 1.530.000 skammtar.

Engin sýklalyf voru notuð á árinu 2005

<sup>7</sup> Tekið úr öryggisupplýsingum frá birgja, OLÍS.

<sup>8</sup> Upplýsingar frá Gísla Jónssyni, Dýralækni fiskisjúkdóma, 2006.



**Fenoxyethanol (VISTOR, dreifingaraðili Ásgeir Sigurðsson)** Heildar notkun á árinu 2005 voru 70 lítrar.

<b>2.</b>	<b>Composition/information on ingredients</b>		
	<i>Synonyms</i>		
	2-(Phenoxy)ethanol, Phenylcellosolve, Monophenyl glycol, Phenoxy glycol		
	CAS-No.:	122-99-6	EC-Index-No.: 603-098-00-9
	M:	138.17 g/mol	EC-No.: 204-589-7
	Molecular formula: (FH)	C <sub>8</sub> H <sub>10</sub> O <sub>2</sub>	
	Molecular formula: (struc.)	C <sub>6</sub> H <sub>5</sub> OCH <sub>2</sub> CH <sub>2</sub> OH	
<b>3.</b>	<b>Hazards Identification</b>		
	Harmful if swallowed. Irritating to eyes.		

<b>15.</b>	<b>Regulatory information</b>		
	<i>Labelling according to EC Directives</i>		
	Symbol:	Xn	Harmful
	R-phrases:	22-36	Harmful if swallowed. Irritating to eyes.
	S-phrases:	26	In case of contact with eyes, rinse immediately with plenty of water and seek medical advice.
	EC-No.:	204-589-7	EC label

9

## 16. Lýsing á hreinsibúnaði

Fjárfest hefur verið í nýjum fullkomnari hreinsibúnaði, samskonar og er notaður í 85% af eldisstöðum í Noregi. Allt frárennslisvatn er hreinsað og grúti og dauðum fiski fargað eftir þörfum hjá Sorpstöð Suðurlands. Um er að ræða tromlufilter af bestu gerð (Hydrotech drumfilter 1606-3H) með 100 mikrona dúk. Að jafnaði (í fiskeldi) skilst u.þ.b. 20% þurrefnis í fódri út aftur sem skítur og er hreinsunin því um 70% af öllum svifögnum sem jafngildir hreinsun á um 140 -150 gr af þurrefni á hvert kg fódurs. U.þ.b. 50% hreinsun er á TP eða heildarmagni Fosförs. (Uppgefnar tölur frá framleiðanda). Auk tromlufiltersins sjálfs er um að ræða "slam-dælur" (grútardælur), grúrtank og dauðfiskatank (safntankar) o.fl.

Hvað varðar möguleikan á því að seiði sleppi út úr stöðinni, lifandi eða dauð, þá eru líkur á því hverfandi eftir að umræddur tromlufilter var settur upp. Í öllu kerjum eru ristar sem koma í veg fyrir að fiskur komist niður úr kerjum auk þess sem fiskurinn þyrfti að komast í gegnum 100 mikrona dúk filtersins ef hann ætlaði út. Samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda er filterinn 100% fiskheldur.

Úttekt hefur farið fram á síubúnaðinum að hálfu Veiðimálastofnunar<sup>10</sup> og ekki voru gerðar neinar athugasemdir við búnaðinn.

## 17. Vargfugl og önnur dýr

Aðgegni fugla og meindýra að úrgangi og fódri er hindraður af fremsta megni og reynt að hafa allt umhverfi sem þrifalegast. Allt fódur og dauður fiskur er haft í

<sup>9</sup> Tekið úr öryggisupplýsingum frá birgja, VISTOR.

<sup>10</sup> Eiríkur Beck, 4. mars 2004.

lokuðum ílátum. Útísvæði stöðvarinnar hefur verið girt af með neti þannig að ekki kemst neinn fugl að útikerjunum. Ágangur vargs er ekki vandamál við stöðina.

### 18. Frágangur hættulegra efna

Olíunotkun er eins og áður sagði einskorðuð við vararafstöðina að Núpum og vinnubíla. Ekki er um innkaup á öðrum olíu eða eiturefnum að ræða.

### 19. Vottun mengunarvarna

Umhverfisstofnun fer með vottun mengunarvarna. Notast er við (BAT), bestu fánlegu tækni.

### 20. Frárennsli

Skólp frá salernum er leitt í steipta rotþró sem er staðsett um 5m norðan við þjónustuhús. Rotþróin er tæmd reglulega.

### 21. Rekstur hreinsibúnaðar og tæming seyru

Hreinsibúnaðurinn er tengdur aðvörunakerfi stöðvarinnar. Ef búnaðurinn stoppar verður það lagfært eins flótt og kostur er innan 2 sólarhringa. Meðan á lagfæringu stendur rennur frárennslisvatn óhreinsað frá eldisstöðinni. Varðandi tæmingu seyru, tæmt er þrisvar á ári ca 10 tonn í hvert skipti. Förgun fer fram hjá Sorpstöð Suðurlands við Kirkjuferjuhálegu. Dauður fiskur er sýrður með maurasýru, pH 3,5 til þess að takmarka/stöðva vöxt örvera.

### 22. Mæliniðurstöður eftirlitsaðila

Framkvæmdar voru ýtarlegar mælingar á árinu 2005 af Guðjóni Atla Auðunssyni. Í töflum fjögur og fimm koma fram þær mælingar sem kveðið er á um í starfsleyfi.

Tafla 4. Niðurstöður mælinga Guðjóns Atla Auðunssonar, inn og út úr stöð.

Staður 12:12:05 KI 08-10-12-14-16	COD mg/L	Svifagnir mg/L	Svifagnir, lífrænn hluti mg/L	TN heild mg/L	TN uppleyst mg/L	TP heild mg/L	TP uppleyst mg/L
Inntaksvatr. vinnsluvatr.	< 3,0	0,21	0,13	0,061	0,055	0,029	0,027
Fyrir settjörn	21	11,7	10,7	1,49	0,845	0,346	0,120
Urgangur frá tromlusiu	1055	447	420	7,9	2,034	2,41	0,540
Eftir tromlusiu	16	5,8	5,5	1,19	0,766	0,220	0,125
Staður 24:01:06 (KI 00)							
Fyrir settjörn	5,5	1,9	2,0	0,610	0,587	0,093	0,084
Urgangur frá tromlusiu	17,5	11,9	11,5	0,712	0,266	0,222	0,026
Eftir tromlusiu	3,0	1,3	1,4	0,536	0,427	0,067	0,040

Losun köfnunarefna mældist 46 kg fyrir hvert framleitt tonn af seiðum.

Losun fosförs mældist 6,7 kg fyrir hvert framleitt tonn af seiðum.

Losun svifagna mældist 195 kg fyrir hvert framleitt tonn af seiðum.

Skv starfsleyfi, sem kveður á um losunarmörk fyrir TN og TP eingöngu, er skilyrðum fullnægt<sup>11</sup>.

<sup>11</sup> Guðjón Atli Auðunsson, 2006.

Tafla 5. Samantekt á mæliniðurstöðum Guðjóns Atla Auðunssonar, 2006.

Efnabáttur	Heildarlosun kg/tonn framleidd	Meðalársstyrkur í losunarvatni mg/L	Hlutfall á uppleystu formi %	Hlutfall af efnabætti fóburs í losunarvatni %	Hreinsivirkni settjarnar %
<b>COD</b>	<b>555</b>	9,6	-	36%	30%
<b>TN</b>	<b>46</b>	0,8	68	55%	20%
<b>TP</b>	<b>6,7</b>	0,12	48	41%	40%
<b>SS</b>	<b>195</b>	3,4	-	21%	50%

Í skýrslu sem send var Umhverfisstofnun í maí 2006 segir Guðjón Atli Auðunsson í samantekt á losunartölum (bls. 11).

*Við sýnatökurnar var framleiðsla á seiðum mjög nálægt ársmeðaltali eða 296 kg á dag eða samsvarandi 108 tonna ársframleiðslu. Ítarleg sýnataka og mælingar gera það því að verkum að mat á losun ætti að endurspeglar vel árslosunina og staðfestist það m.a. í því að efnabókhald allra mældra þátta gekk vel upp. Einhver óvissa gæti verið varðandi hreinsun í settjörn og tromlusíu og gerir sú óvissa það líklegast að verkum að frekar er um ofmat losunar að ræða en vanmat því komið var að hálfárshreinsun settjarnar og tanks fyrir úrgang frá tromlusíu þegar sýnatökur fóru fram. Nokkur óvissa gæti komið til af því að aðeins voru tekin sýni af kerum sem eru innanhúss. Þessi óvissa er hins vegar hverfandi lítil því efnabókhald gekk ávallt upp en þessi óvissa kæmi aðeins niður á hlutfallslegri hreinsun í settjörn.*

*Mældar losunartölur í rennsli eftir tromlusíu urðu eftirfarandi. Meðalstyrkur í losuðu vatni er reiknaður sem losun efnabáttar frá seiðaeldinu eingöngu í um 58.000m<sup>3</sup> af vatni, en það er það vatnsmagn sem notast við framleiðslu eins tonns af seiðum. Við þennan styrk bætist náttúrulegur styrkur efnabáttanna í vinnsluvatninu, sem þó er óveruleg viðbót.*

### 23. Umræður um mæliniðurstöður

Nýjar mæliniðurstöður gefa til kynna að starfsemin er innan þeirra marka sem kveðið er á um í starfsleyfi.

Einnig er það von forsvarsmanna Íslandslax h.f. að þær ýtarlegu rannsóknir sem framkvæmdar voru á árinu 2006 gefi til kynna að fjárfest hefur verið í mikið í vinnu, tíma og tækjakosti á síðastliðnum árum til þess að starfsemi fyrirtækisins sé sem umhverfisvænust.

#### **24. Upplýsingar og forsendur**

Þær upplýsingar, tölulegar og ótölulegar sem birtar eru hér í skýrslunni koma beint úr framleiðslustjórnunarkefum fyrirtækisins (Farm Control), þróun í lifmassa, fóðurnotkun, dauðfisks o.s.frv. Upplýsingar um olíunotkun, lyf og efnanotkun koma frá birgjum.

Upplýsingar um vatns og orkunotkun koma úr bókhaldi stöðvarstjóra.

Núpum, Ölfusi 2006.

  
Jóhannes Sigurðsson  
Stöðvarstjóri Íslandslax Núpum

---

## Aritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað skýrslu Íslandslax um grænt bókhald fyrir árið 2005. Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á skýrslunni á grundvelli endurskoðunarinnar.

Megintilgangur með endurskoðun okkar hefur verið að meta hvort skýrsla félagsins um grænt bókhald samræmist þeim kröfum sem gerðar eru í íslenskri löggjöf, þar með talið:

- að kanna hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu reiknaðar með áreiðanlegum hætti og settar fram í samræmi við þær aðferðir sem stjórnendur félagsins hafa skilgreint.
- hvort upplýsingarnar séu í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins og þær tölur sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga.
- að kanna hvort skilyrðum í lögum og reglum varðandi innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að skýrsla um grænt bókhald sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, spurningar til starfsmanna félagsins, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna tölulegar upplýsingar sem fram koma í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á því hvort framkvæmd mælinga og útreikninga sé í samræmi við þær lýsingar sem fram koma í skýrslunni. Í endurskoðuninni felst jafnframt mat á þeim aðferðum sem notaðar eru við gerð skýrslunnar.

Það er álit okkar að skýrsla Íslandslax um grænt bókhald á árinu 2005 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og að tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Akureyri, 15. júní 2006.



**KPMG Endurskoðun Akureyri hf.**